

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurflugvelli



Dags eftirlits	17.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Keflavíkurflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Laufey Ósk Andrésdóttir	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bergsteinn Hjörleifsson	Staðsetning	322.019 393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við reglubundið eftirlit með starfsemi EBK ehf. sem snýr að rekstri olíubirgðageymslu á Keflavíkurflugvelli komu fram tvö frávík: vegna skorts á uppfærðum tengiliðaupplýsingum og vegna tveggja aflagðra olíu geyma sem ekki hafa verið fjarlægðir.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið tók til eftirfarandi þátta:

- Staða frá síðasta eftirliti
- Umfang starfsemi
- Varnir gegn mengun og meðhöndlun fráveituvatns
- Skráningar og mælingar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð

1. Staða frá síðasta eftirliti

Við eftirlit árið 2023 komu engin frávík fram. Ein ábending var gerð um að uppfæra þyrfti merkingar á lögnum á lagnateikningum og senda uppfærða útgáfu til eftirlitsaðila. Rekstraraðili hefur brugðist við þeirri ábendingu. Þá var nýr 3.800 m³ eldsneytisgeymir tekinn í notkun og skilaði rekstraraðili staðfestingu á lokaúttekt byggingarfulltrúa.

2. Umfang starfsemi

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að geyma allt að 7.116 m³ af olíu í stöðinni. Jafnframt er heimilt að taka á móti allt að 500 tonnum af úrgangsolíu á ári. Heimilt er að tappa vatnsfasa undan úrgangsolíugeymi, sbr. skilyrði í gr. 3.4 í starfsleyfi, enda sé móttökugeymir í viðeigandi lekavörn. Heimilt er að taka á móti meira magni úrgangsolíu ef um ófyrirséð atvik er að ræða.

Í birgðastöðinni eru eftirfarandi eldsneytisgeymar:

- Einn ofanjarðargeymir fyrir JET A1, 3.800 m³
- Þrír ofanjarðargeymar fyrir JET A1, hver um sig 1.100 m³
- Einn neðanjarðargeymir fyrir JET A1, 6,2 m³
- Einn ofanjarðargeymir fyrir úrgangsolíu, 1,1 m³

Að auki eru tveir neðanjarðargeymar til geymslu olíuafna, hvor um sig 9,0 m³ að stærð. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa geymarnir verið aflagðir og ekki verið í notkun um nokkurt skeið. Þetta telst frávík frá gr. 28 í reglugerð nr. 884/2017, þar sem kveðið er á um að þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skuli hann, ásamt tengdum lögnum, fjarlægður innan sex mánaða. Aðeins annar þessara geyma er tilgreindur í gildandi starfsleyfi. Sá geymir sem ekki er skráður í starfsleyfi er merktur sem bensíngeymir (9.000 lítrar), en geymsla bensíns er óheimil í stöðinni. Rekstraraðili hefur staðfest að ekkert bensín sé geymt í geyminum.

Rekstraraðili telur að það að með því að fjarlægja geymanna tafarlaust, geti það haft í för með sér verulega áhættu á skemmdum á steyptri varnarpró og búnaði í nágrenni við geymana, þar á meðal 6,2 m³ geymi sem er í notkun. Fyrirhugaðar eru endurbætur og stækkun dælurýmis á árunum 2026–2027 og er gert ráð fyrir að neðanjarðargeymarnir verði fjarlægðir samhliða þeim framkvæmdum. Rekstraraðili upplýsti að gengið verði úr skugga um að enginn vökví sé í geymunum.

3. Varnir gegn mengun og meðhöndlun fráveituvatns

Olíuskiljur eru vaktaðar með mánaðarlegri sjónrænni skoðun og mælingum með litapappír. Rekstraraðila var tilkynnt að Umhverfis- og orkustofnun muni framvegis gera kröfu um efnagreiningu á olíu í sýnum úr fráveitu. Áfram er þó heimilt að nota litastrimla fyrir innri vöktun, í samræmi við skilyrði starfsleyfis.

Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila hafa ekki orðið mengunaróhöpp frá síðasta eftirliti. Rekstraraðili hefur skilað uppfærðri viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. Við eftirlitið var staðfest að viðbragðsáætlanir eru til staðar og aðgengilegar á starfsstöð. Upplýsingar um þjálfun starfsmanna og þjónustuaðila í viðbrögðum við mengunaróhöppum, þar á meðal varðandi mögulega eitrunarhættu, lágu fyrir.

Þá liggur fyrir viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda, sem er endurskoðuð á fjögurra ára fresti og er aðgengileg starfsmönnum. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar.

Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið sem endurskoðuð eru á fjögurra ára fresti í samræmi við skilyrði starfsleyfis.

4. Skráningar og mælingar

Við boðun eftirlits árið 2025 kom í ljós að rekstraraðili hafði ekki upplýst stofnunina um breytingu á tengilið fyrir starfseminu. Þetta telst frávik frá gr. 2.2 í starfsleyfi, þar sem kveðið er á um að rekstraraðili skuli tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um breytingar á tengilið.

Þykktarmælingar á tönkum 1, 2 og 3 (1.100 m³) voru framkvæmdar árið 2025 og niðurstöður sendar Umhverfis- og orkustofnun. Þykktarmæling á 3.800 m³ geymi var framkvæmd árið 2023. Fyrir liggur að þykktarmælingar á T6 (6,2 m³, JET A1) og úrgangsolúgeymi (1,1 m³) verða framkvæmdar fyrir árslok 2025 og niðurstöður sendar að loknum mælingum.

Varðandi niðurgrafnar olíulagnir kom fram að lögn í gömlu afgreiðslustöðina er stálrör fyrir flugeldsneyti (JET A1) frá árinu 1987. Lögnin er í notkun og gegnir jafnframt hlutverki neyðaráfyllingar ef bilun verður á Helguvíkurlögn. Lögnin var þrýstiprófuð síðast 2023.

5. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Í eftirlitinu fór fram kynning á fylgigögnum frá Umhverfis- og orkustofnun sem tengjast breyttu verklagi við boðun og framkvæmd eftirlits, auk leiðbeininga um olíuskiljur.

6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumat fyrir árið 2025 var yfirfarið og uppfært.

7. Skoðunarferð

Gengið var um svæðið og aðstæður kannaðar. Ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið. Skráðar tengiliðaupplýsingar voru ekki uppfærðar.

gr. 28 í reglugerð 884/2017

Þegar olúgeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olúgeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hætta af og meðhöndla hann í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Tveir neðanjarðargeymar í stöðinni hafa verið aflagðir og ekki verið í notkun um langt skeið.

Reykjavík,

08.01.2026

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

